

Reglugjörð

um

viðauka við Almenna reglugjörð um fjallskil fyrir Vesturskaptafellssýslu 6. júlí 1899.

Amtsráðið í Suðuramtinu

gjörir kunnugt: Samkvæmt lögum 22. marz 1890, um löggiltar reglugjörðir sýslunefnda, og lögum 24. nóvbr. 1893, um breyting á 3. gr. í fyrnefndum lögum, 22. marz 1890, er hjermeð staðfest og löggilt eptirfylgjandi

Reglugjörð

um viðauka við Almenna reglugjörð um fjallskil fyrir Vesturskaptafellssýslu 6. júlí 1899, sem samin er af sýslunefndinni í tjeðri sýslu, og skal reglugjörðin öðlast gildi 15. septbr. næstkomandi.

Ómerkinga alla, er í afrjetti eða heimalöndum finnast, skal reka til aðalrjettar. Skulu þeir, er engin móðir finnst að, seldir þar við opinbert uppboð. Andvirðið rennur í viðkomandi sveitarsjóð.

Er þar með 34. gr. tjeðrar reglugjörðar numin úr gildi.

Amtsráð Suðuramtsins, Reykjavík 30. júní 1906.

J. Havsteen.

Efnahagsreikningur

Landsbankans þ. 31. marz 1906.

Eignir:

1. Skuldabryf fyrir lánum:

a. Fasteignarveðslánum	kr. 378515 90
b. Sjálfsskuldarábyrgðarlánum	— 1378170 69
c. Handveðslánum	— 89862 50
d. Lánnum gegn ábyrgð sveita og bæjarfélaga o. fl.	— 104109 74
e. Reikningslánum	— 352508 97
f. Akkreditívlánum	— 29700 00
	kr. 2332867 80
	Flyt: kr. 2332867 80